



**BA-ritgerð í lögfræði**

**Strangari afbrigði bótareglna en sakarreglan í  
lausafjárkaupalögum nr. 50/2000**

Edda Laufey Laxdal

Leiðbeinandi: Heiðar Ásberg Atlason

Apríl 2014



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð í lögfræði**

**Strangari afbrigði bótareglna en sakarreglan í  
lausafjárkaupalögum nr. 50/2000**

Edda Laufey Laxdal

Leiðbeinandi: Heiðar Ásberg Atlason

Apríl 2014



## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	2
2 Grundvöllur efnabóta .....	2
3 Stjórnunarábyrgð .....	4
3.1 Almenn .....	4
3.2 Lögfesting reglunnar um stjórnunarábyrgð .....	4
3.3 Skilyrði bótaábyrgðar .....	5
3.3.1 Hindrun .....	5
3.3.2 Hindrun er seljanda ofviða .....	6
3.3.3 Samgirnissjónarmið .....	6
3.3.4 Ekki unnt að ætlast til .....	7
3.4 Stjórnunarábyrgð vegna galla .....	7
3.5 Stjórnunarábyrgð neytendakaupalaga .....	8
4 Fjárskortur skuldara .....	8
5 Vanþekking skuldara .....	9
6 Ábyrgðaryfirlýsing .....	10
6.1 Almenn .....	10
6.2 Hugtakið „ábyrgð“ .....	10
6.3 Veittar upplýsingar .....	11
7 Ábyrgð þegar ekki er bætt úr galla .....	12
7.1 Almenn .....	12
7.2 Skylda seljanda til að bæta úr galla .....	12
7.3 Vanræksla seljanda .....	14
8 Ábyrgð vegna galla í neytendakaupum .....	14
9 Ábyrgð vegna vanheimildar .....	15
10 Lán til afnota .....	16
11 Lokaorð .....	17
Heimildaskrá .....	18
Dómaskrá .....	19

## 1 Inngangur

Í nútíma samfélagi þar sem viðskiptalíf blómstrar sem aldrei fyrr, er mikilvægt að til séu skýrar og greinagóðar reglur sem einstaklingurinn þarf að fara eftir. Það er svo margt sem getur farið úrskeiðis í kaupum og sölum aðila, þess vegna hefur löggjafinn ákveðið að setja lög og reglur um réttindi og skyldur einstaklinga svo hægt sé að leysa þau ágreiningsmál sem geta sprottið af viðskiptum. Í fjármunaréttarlegu skuldasambandi tveggja eða fleiri aðila verður að horfa til innbyrðis samskipti þeirra. Af þessu leiðir að viðfangsefni kröfuréttar er réttur kröfuhafa á hendur skuldara, og þar skiptir greiðslan og réttar efndir kröfunnar mestu máli.

Tilhneiging mannsins til að kenna öðrum um ólán sitt hefur verið til staðar frá örófi alda. Það er oft erfitt að staðreyna að tiltekin háttsemi, sem leitt hefur til tjóns, hafi verið framkvæmd með sagnæmum hætti. Um skaðabætur utan samninga gildir sú meginregla að tjónþoli ber sönnunarbyrðina um að tjón hafi átt sér stað, sök tjónvalds og um orsakatengsl. Hvað varðar sönnunarbyrði um sök innan samninga þá er úr því leyst á grundvelli laga eða ólögfesta reglna sem gilda um ákveðnar samningstegundir. Meginreglan um sönnunarbyrði er öfug innan samninga. Af því leiðir að það er skuldara (tjónvalds) að sanna einhver atvik sem afsaka hann og leysa hann þar með undan ábyrgð.

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir þeim réttarreglum um grundvöll efndabóta sem eru strangari í garð skuldara heldur en sakarreglan, sem sé hlutlægar skaðabótareglur. Ekki verður fjallað sérstaklega um hlutlæga ábyrgð á sviði skaðabótaréttar né muninn á ábyrgðinni innan og utan samninga. Aðallega verður fjallað um hina hlutlægu skaðabótaábyrgð skuldara í í lausafjárkaupalögum, hvernig henni er beitt og hvað felst í henni á sviði kröfuréttar.

## 2 Grundvöllur efndabóta

Ólafur Lárusson skilgreinir hugtakið krafa í riti sínu *Kaflar úr kröfurétti*, og kemst hann svo að orði:

Krafa (kröfuréttur, kröfuréttindi) er lögvarin heimild manns (kröfuhafans) til þess að krefjast þess af öðrum aðila (skuldara, skuldunaut), að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 5.

Krafa um skaðabætur innan samninga er vanefndaúrræði sem stofnast að vissum skilyrðum uppfylltum.<sup>2</sup> Ef skaðabæturnar spretta af gildum samningi aðila kallast þær efnabætur, hins vegar ef skaðabótakrafan leiðir af ógildum samningi þá kallast þær vangildisbætur. Markmið efnabóta er að gera kröfuhafa eins settan og hann hefði fengið fullar efnir kröfu sinnar.<sup>3</sup>

Á sviði kröfuréttar eru kröfurnar að mestu leyti fjárkröfur þ.e. kröfur sem meta má til peninga. Orsakasamband verður að vera milli vanefndar og tjónsins sem kröfuhafinn hlaut ef skuldara á að vera skylt að bæta tjón kröfuhafa.<sup>4</sup> Efnabæturnar sem hér er um að ræða eiga rætur sínar í samningi aðila. Ef samningur er ekki gildur þá er ómögulegt fyrir kröfuhafa að krefjast bóta.<sup>5</sup> Sama gildir ef kröfuhafinn ákveður að rifta samningi aðila þar sem riftun felur í sér að samningsaðili tekur, án þess að baka sér með því bótaskyldu, þá ákvörðun að samningur verði ekki efnur samkvæmt aðalefni sínu vegna vanefnda gagnaðila.<sup>6</sup>

Einstaklingur sem verður fyrir tjóni hefur um tvo valkosti að ræða. Annars vegar getur hann borið tjón sitt sjálfur. Hins vegar getur hann reynt að koma tjóninu yfir á þann mann sem olli honum skaðanum. Það má segja að fyrri valkosturinn sé meginreglan, því sá sem verður fyrir tjóni á almennt ekki rétt á að fá úr því bætt af öðrum manni nema til þess standi sérstök heimild að lögum og að fullnægt sé skilyrðum þeirra lagaheimildar.<sup>7</sup>

Almennt er talið að skuldari beri bótaábyrgð á vanefndum samnings á grundvelli sakarreglunnar. Um er að ræða almenna skaðabótareglu, eins konar meginreglu, sem gildir bæði utan og innan samninga. Af þessu leiðir að þessi regla gildir, nema heimilt sé í lögum að leggja aðra reglu til grundvallar bótaskyldu skuldara í viðkomandi tilviki, strangari eða vægari.<sup>8</sup>

Krafa skuldara um skaðabætur innan samninga er oftast sett fram af því tilefni að skuldari innir ekki af hendi þá greiðslu til kröfuhafa sem um var samið. Hér í þessari ritgerð verður

---

<sup>2</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 187.

<sup>3</sup> Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 39.

<sup>4</sup> Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 39.

<sup>5</sup> Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 40.

<sup>6</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 71.

<sup>7</sup> Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 12.

<sup>8</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 198.

megin áhersla lögð á þau tilvik þegar bótagrundvöllurinn er strangari í garð skuldara heldur en sakarreglan, sem þá kallast hlutlægar skaðabótareglur.<sup>9</sup>

Núgildandi reglur í lausafjárkaupalögum um skaðabætur byggja á tillögum norræna vinnuhópsins og þær má flokka í tvennt: Í fyrsta lagi fjalla löginn um bótagrundvöllinn, þ.e. skilyrði skaðabóta. Samkvæmt lögunum er meginregla þeirra um skaðabætur hin svokallaða stjórnunarábyrgðarregla, en í þeim er einnig að finna reglur um ábyrgð á hlutlægum grunni sem og á sakargrundvelli. Í öðru lagi eru í lögunum kafli sem segir frá reglum sem lúta að ákvæði fjárhæðar skaðabóta.<sup>10</sup>

### 3 Stjórnunarábyrgð

#### 3.1 Almennt

Staðreyndin er sú að í fæstum þeirra tilvika, þar sem söluhlutur er afhentur of seint, er unnt að rekja dráttinn til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda. Vanefnd á sér oftast aðrar orsakir en það jafngildir ekki að seljandi sé laus undan ábyrgð.<sup>11</sup> Í 1. mgr. 27. gr. lausafjárkaupalaga nr. 50/2000, hér eftir skammstöfuð lkpl., er að finna meginreglu laganna um bótaábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar. Samkvæmt meginreglunni getur kaupandi krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem afhendingardráttur seljanda veldur. Meginreglan gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á, að dráttinn sé að rekja til atvika sem hann fékk ekki ráðið við eða hafði ekki stjórn á. Enda er ekki með sanngirni unnt að ætlast til þess að hann hafi hindrunina í huga við samningsgerð, eða hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.<sup>12</sup> Þessi regla kallast stjórnunarábyrgð seljanda, kontrollansvar á Norðurlöndum, og er eins og sagt var áður, meginregla lausafjárkaupalaga.

#### 3.2 Lögfesting reglunnar um stjórnunarábyrgð

Stjórnunarábyrgð var nýyrði í íslenskum skaðabótarétti innan samninga við setningu gildandi lausafjárkaupalaga. Reglan hvílir á hlutlægum grunni og gildir samhliða öðrum reglum, sem fyrir voru, þ.e.a.s. sakarreglunni og öðrum sem alfarið teljast hlutlægar.<sup>13</sup>

Samkvæmt 27. gr. lkpl. getur kaupandi krafist skaðabóta á tvenns konar grundvelli. Annars vegar á grundvelli sakarreglunnar, það á við þegar um afhendingardrátt er að ræða eða

<sup>9</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 235.

<sup>10</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 107.

<sup>11</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 110.

<sup>12</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 248.

<sup>13</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 105.

tjón sem rekja má til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda. Við þessar aðstæður ber seljanda að bæta kaupanda allt tjón hans, þ.e. bæði beint og óbeint. Hins vegar er hægt að krefjast skaðabóta á grundvelli stjórnunarábyrgðar, þá verður kaupandi að láta sér nægja að fá einungis bætt beint tjón sitt.<sup>14</sup> Þessi munur er sérstaklega tekinn fram í 4. mgr. 27. gr. lkpl. sem segir að reglur 1.-3. mgr. ákvæðisins eigi ekki við um óbeint tjón skv. 2. mgr. 67. gr. laganna. Í 5. mgr. 27. gr. laganna mælt fyrir um ábyrgð seljanda á grundvelli sakar, þ.e.a.s. sakarreglunnar, en þar er ekki að finna nein takmörk á bótaábyrgðinni sem þýðir að seljandi ber bótaábyrgð á bæði beinu og óbeinu tjóni kaupanda.<sup>15</sup>

### 3.3 Skilyrði bótaábyrgðar

Með þessari nýjung lausafjárkaupalaga var vikið frá hinni gamalgrónu reglu eldri réttar um hlutlæga ábyrgð seljanda, þar sem ómöguleiki og *force majeure* leiddu til lausnar undan ábyrgð. Frávikið frá eldri rétti felur annars vegar í sér mildun á bótaábyrgð og hins vegar takmörkun á þeim liðum sem fást bættir.<sup>16</sup> Það er ekki ómögulegt fyrir seljanda að losna undan skaðabótaábyrgð samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. lkpl., en til þess þarf fjórum skilyrðum að vera fullnægt samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. sömu greinar.<sup>17</sup>

Þessi skilyrði eru nátengd innbyrðis og við mat á því hvort skilyrðunum sé fullnægt skiptir tegund kaupanna miklu máli. Strangari ábyrgð verður lögð á seljandann því ríkari sem tegundareinkenni söluhlutarins eru og í þeim tilvikum þar sem seljandi hefur meiri möguleika á að afla hlutarins annarsstaðar frá. Ábyrgð seljandans yfir hlutnum færast yfir í að vera hlutlæg eftir því sem auðveldara er fyrir seljandann að útvega hann. Í einstaklega ákveðnum kaupum getur reynst erfitt að útvega aðra hluti í stað söluhlutar, t.d. ef hann eyðileggst.<sup>18</sup> Eins og regla 1. mgr. 27. gr. lkpl. er orðuð þá þarf seljandinn að sanna að fyrir hendi séu þau skilyrði sem leysa hann undan bótaábyrgð. Næst verður gerð nánari grein fyrir þessum einstöku skilyrðum.

#### 3.3.1 Hindrun

Fyrsta skilyrði ábyrgðarleysis skv. 27. gr. lkpl. er að til staðar sé hindrun sem veldur tilteknum afhendingardrætti. Hér er ekki gert skilyrði um hlutlægan ómöguleika í þeim skilningi að afhending á réttum tíma sé útilokuð fyrir hvaða seljanda sem er. Þrátt fyrir að orðalag ákvæðisins geti bent til þess að það eigi að vera ómögulegt fyrir seljanda að efna

<sup>14</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 151.

<sup>15</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup, bls 110-118.

<sup>16</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup, bls 110.

<sup>17</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 152.

<sup>18</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 152.



samninginn, þá eru samt sem áður ekki gerðar svo strangar kröfur.<sup>19</sup> Upp kunna að koma atvik sem útiloka ekki algjörlega efndir en gera það engu að síður mun erfiðara að ná fram efndum. Sem dæmi um aðstæður, sem geta hindrað efndir, má nefna stríð, bruna, verkfall eða náttúruhamfarir.<sup>20</sup>

Fjárhagsleg bágindi eru atvik sem einnig geta hindrað efndir, óvenjulegar útgjaldahækkningar eða verðhækkningar. Vekja ber athygli á því að almennt séð er fjárskortur seljanda undir öllum kringumstæðum ekki efndahindrun í skilningi 23. gr. lkpl. Af því leiðir að seljandi verður venjulega sjálfur að bera afleiðingar af óvæntri verð- eða útgjaldaþróun.

Seljandi hefur möguleika að koma sér undan efndaskyldu samkvæmt ákvæðum 23. gr. lkpl. ef efndir hafa í för með sér óþægindi eða kostnað sem ekki er í sanngjörnu hlutfalli við hagsmuni kaupanda af efndum. Við þetta mat ber að huga að því hvenær atvikið bar að höndum, efni samningsins og eðli greiðslunnar sem seljandinn lætur í té samkvæmt samningnum. Einnig skiptir máli hvort um tilviljunarkennt tjón sé að ræða sem hefur engin áhrif á greiðslugetu seljanda, t.d. með truflun á flutningi til afhendingarstaðar, sem getur gert það ókleift fyrir seljanda að afhenda hann á réttum tíma.<sup>21</sup>

### 3.3.2 Hindrun er seljanda ofviða

Annað skilyrði lausnar undan ábyrgð er að afhendingardráttur hafi orðið vegna atvika sem seljandi fékk ekki ráðið við, þ.e. hindrunin er honum ofviða. Seljandi er ávallt ábyrgur vegna atvika og aðstæðna er falla innan þeirra marka sem hann fær ráðið við og þá skiptir ekki máli hvort um sök er að ræða af hans hálfu eða ekki.<sup>22</sup> Hindrun sem seljandi ræður ekki við er t.d. tilviljunarkenndur atburður, sem veldur því að seljandi getur ekki afhent söluhlut á réttum tíma og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótafrest sem kaupandi hefur sett.<sup>23</sup> Þegar svo er háttað er kaupanda heimilt eftir atvikum að rifta kaupum samkvæmt 25. gr. lkpl., en honum er ekki heimilt að krefjast skaðabóta á grundvelli 1. mgr. 27. gr. lkpl.

### 3.3.3 Sanngirnissjónarmið

Þriðja skilyrði ábyrgðarleysis er að hindrun sé þess eðlis að það sé ekki með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandi hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð. Seljandi getur því borið ábyrgð á greiðsludrætti, jafnvel þótt hindrun hafi verið honum ofviða ef hann mátti sjá

<sup>19</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 112.

<sup>20</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 153.

<sup>21</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 113.

<sup>22</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 113.

<sup>23</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 154-155.

hana fyrir á þeim tíma sem samningur var gerður.<sup>24</sup> Það sem vefst fyrir mönnum er hins vegar að ákveða hvað seljandinn gat séð fyrir við samningsgerðina.<sup>25</sup> Þetta byggist á mati á hverju tilviki fyrir sig og hvort seljandi hafi getað séð fyrir hugsanlegt verkfall eða fjárhagserfiðleika birgðaraðila. Af norrænum rétti má sjá hvernig þessu mati hefur verið beitt í framkvæmd.

*Rt. 1962, bls. 175.* Í málinu hafði fiskiskipaútgærd keypt díselvél af vélaverkstæði. Eftir samningsgerð kom í ljós að ekki var möguleiki á að efna samninginn þar sem vélaverkstæðið var neitað um innflutningsleyfi. Hæstiréttur Noregs komst að þeirri niðurstöðu að seljandanum bæri að bæta kaupandanum það veiðitjón sem hann varð fyrir vegna vanefndanna. Það var ljóst að verkstæðinu hafði verið kunnugt um það frá upphafi að innflutningsleyfi þyrfti til þess að efna samninginn réttilega. Þeir máttu því búa sig undir það að umsókn þeirra um innflutningsleyfið yrði hafnað og setja slíkt í kaupsamning aðila.

### 3.3.4 Ekki unnt að ætlast til

Fjórða og síðasta skilyrði ábyrgðarleysis er að hindrun sé þess eðlis að ekki er unnt að ætlast til að seljandi hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar. Líkt og hin skilyrðin þá tekur þetta mið af því hvers er hægt að ætlast til af seljandanum. Sem dæmi má nefna þegar töf verður á tímabilinu frá því að kaup gerðust og fram að afhendingartíma. Við þessar aðstæður er seljanda skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra afhendingardrættinum.<sup>26</sup>

## 3.4 Stjórnunarábyrgð vegna galla

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. lkpl. ber seljandi í lausafjárkaupum einnig stjórnunarábyrgð gagnvart kaupanda vegna galla á söluhlut.<sup>27</sup> Samkvæmt greininni getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, nema seljandi nái að sanna að þá megi rekja til hindrana þeirra sem nefndar eru í 27. gr. lkpl. Seljandi telst laus undan skaðabótaskyldu kaupanda ef ástæðu galla má rekja til hindrana þeirra sem um ræðir í 2. máls. 1. mgr. 27. gr. lkpl. En þó svo að hindranirnar falla undir umrætt ákvæði þá er ekki sjálfgefið að kaupandi geti ekki komið með aðrar kröfur á hendur seljanda vegna gallans, t.d. kröfu um afslátt, riftun eða úrbætur.<sup>28</sup> Sömu fjögur skilyrði, sem talin eru upp hér að framan þurfa að vera fyrir hendi til þess að seljandi geti losað sig undan bótaábyrgð.

<sup>24</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 114.

<sup>25</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 156.

<sup>26</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 156-157.

<sup>27</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 248.

<sup>28</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 211.

### 3.5 Stjórnunarábyrgð neytendakaupalaga

Sú meginregla gildir samkvæmt 1. mgr. 24. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003, að neytandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns, sem hann bíður vegna afhendingardráttar seljanda. Sá fyrirvari er settur í 2. mgr. sömu lagagreinar að þetta gildi ekki ef seljandinn sýni fram á að hindrun sem nefndar eru í ákvæðinu stóðu efndum í vegi.<sup>29</sup> Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 27. gr. lkpl., hér er um að ræða stjórnunarábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar með sömu takmörkunum og gildir samkvæmt lkpl.<sup>30</sup>

## 4 Fjárskortur skuldara

Meginregla íslensks samningaréttar er að samninga skal halda, eða *pacta sunt servanta*, er ein mikilvægasta meginreglan í lögfræði. Þetta er ein mikilvægasta óskráða reglan í íslenskum rétti og hefur verið í gildi síðan í Jónsbók 1281.<sup>31</sup> Til eru undantekningar frá reglunni um skuldbindingargildi samninga svo sem vegna ómöguleika, hindrana, vinnusamninga o.fl.<sup>32</sup>

*Impossibilium nulla est obligatio* er forn rómversk regla sem kveður á um að ómöguleiki leiðir til þess að samingur sé ógildur.<sup>33</sup> Ómöguleiki jafngildir ekki endilega ógildingunni í íslenskum rétti, því er ljóst að reglan leysir ekki öll lögfræðileg álitafni sem tengjast ómöguleika. Ástæðan fyrir ómöguleikanum skiptir í raun ekki megin máli heldur verður að einblína á hvort rekja megi ómöguleikann til atvika sem seljandinn hafi haft stjórn á.<sup>34</sup> Í stað efnda *in natura* getur ómöguleiki leitt til efndabóta.

Frá reglunni um að ómöguleiki leysi skuldara undan efndum *in natura* er ein mjög mikilvæg undantekning. Skuldari getur ekki borið fjárskort fyrir sig sem ómöguleika, heldur verður hann dæmdur til efnda *in natura* ef efndir stranda á fjárskorti hans.<sup>35</sup> Almennt séð er fjárskortur seljanda undir öllum kringumstæðum ekki efndahindrun í skilningi 23. gr. lkpl. Þetta þýðir að seljandi getur ekki losað sig undan skyldum sínum samkvæmt samningi með því að kenna fjárhagsvandræðum sínum um.<sup>36</sup> Þetta er meginregla sem ekki er talin æskileg að víkja frá, það skiptir engu þótt fjárhagserfiðleikarnir séu afsakanlegir

<sup>29</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 111.

<sup>30</sup> Alpt. 2002-2003 þskj. 904, bls, 3814.

<sup>31</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls 24.

<sup>32</sup> Benedikt Bogason, munnleg heimild, 17. janúar 2014.

<sup>33</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 36.

<sup>34</sup> Jan Hellner og Jan Ramberg: *Speciell avtalsrätt I, Köprätt*. Andar upplagan, bls. 131.

<sup>35</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 37.

<sup>36</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 137.

Af þessu leiðir að ef vanefnd má reka til fjárskorts skuldara þá ber hann yfirleitt ábyrgð á afleiðingum þeirrar vanefndar.<sup>37</sup> Það skiptir ekki máli hvort það sé fjárskorturinn *per se* sem stendur efndum í vegi eða hvort efndahindrun sé önnur en hana hefði mátt yfirvinna ef skuldari hefði haft til þess fjármuni.<sup>38</sup>

Sú staðreynd að fjárskortur skuldara standi því almennt ekki í vegi að dómur gangi um efndir *in natura* eða greiðslu skaðabóta er gríðarlega mikilvæg í íslensku samfélagi og viðskiptalífi. Þessi regla, um hlutlæga ábyrgð skuldara, er til þess fallin að skapa traust í viðskiptum. Ef hún væri ekki þá væri alltaf sá möguleiki fyrir hendi að skuldari gæti komið sér úr samningi með því einu að segjast ekki hafa pening.<sup>39</sup>

## 5 Vanþekking skuldara

Í köflunum hér fyrir ofan er sagt frá atvikum sem skuldari oft á tíðum ber fyrir sig sem afsökun fyrir því að honum sé ómögulegt að efna samning aðila. Það getur vel verið að þessi atvik séu megin orsök þess að skuldari er ekki fær um að efna samning samkvæmt efni sínu, en það breytir því ekki að vanefndin er á ábyrgð skuldara.<sup>40</sup> Það er búið að drepa á þeirri staðreynd að skuldari getur ekki borið fyrir sig peningaleysi sem ástæðu til þess að losna undan skyldu sinni til efnda *in natura*. Það sama gildir almennt um tilvik þar sem skuldari ber fyrir sig vanþekkingu á skyldu sinni til að efna samning.<sup>41</sup> Af þessu leiðir að skuldari ber hlutlæga ábyrgð á afleiðingum þeirrar vanefndar sem vanþekking hans veldur og getur því almennt ekki borið fyrir sig ókunnugleika um greiðsluskyldu sína í garð kaupanda.<sup>42</sup>

Af þessu virtu er ljóst að skuldari ber ábyrgð á afleiðingum vanefndar ef um lögvilla eða staðreyndarvillu af hans hálfu er að ræða.<sup>43</sup> Lögvilla er villa sem felst í vanþekkingu á tilvist eða efni réttarreglna, misskilningi eða rangri rúlkun á efni þeirra eða réttaráhrifum.<sup>44</sup> Á meðan staðreyndarvilla felur í sér vanþekkingu á tilvist staðreynda, annarra en réttarreglna, misskilningi eða rangri túlkun á efni þeirra eða áhrifum.<sup>45</sup> Staðreyndarvilla og lögvilla eru í þessum tilvikum lagðar að jöfnu hvað bótaábyrgð skuldara varðar.

<sup>37</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 236.

<sup>38</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 236

<sup>39</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 238.

<sup>40</sup> Ólafur Lárússon: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 35.

<sup>41</sup> Ólafur Lárússon: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 35.

<sup>42</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 238.

<sup>43</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 228.

<sup>44</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson, bls. 271.

<sup>45</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson, bls. 411.

Í íslenskri réttarframkvæmd hefur óskráð grundvallarregla myndast til verndar skuldurum, sem ekki greiða á réttum tíma vegna mistaka eða misskilnings.<sup>46</sup> Þessi meginregla takmarkast af annarri reglu sem kallast vilja- og getureglan. En í henni felst að ef skuldari greiði ekki skuld á réttum tíma og augljóslega er ekki um að kenna vilja- eða getuleysi hans, þá hefur stuttur greiðsludráttur ekki í för með sér hinar alvarlegri vanefndaafleiðingar.<sup>47</sup>

## 6 Ábyrgðaryfirlýsing

### 6.1 Almennt

Samning milli aðila verður að skýra hverju sinni. Í því felst að athuga hvort í samningnum er að finna sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu um ábyrgð sem ætlað er að hafa réttaráhrif. Það kann að vera að skuldari hafi með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum sambærilegum hætti gefið út yfirlýsingu, um að greiðsla hans skuli hafa tiltekna eiginleika eða ekki. Þegar um slíka yfirlýsingu er að ræða í samningi aðila þá ber skuldari ábyrgð á hlutlægum grunni ef greiðslan bregst gagnvart kröfuhafa.<sup>48</sup> Ábyrgðaryfirlýsingin er loforð seljanda til kaupanda og greinir frá nákvæmum eiginleika greiðslu. Almennt er litið svo á að skýra beri ábyrgðaryfirlýsingar þröngt eða a.m.k. þannig að ábyrgð seljanda nái ekki lengra en hann hefur lofað.<sup>49</sup>

### 6.2 Hugtakið „ábyrgð“

Skoðum í framhaldinu hugtakið „ábyrgð“ í samskiptum aðila. Orðið leiðir ekki sjálfkrafa til þess að skuldari verði bótaábyrgur á hlutlægum grundvelli. Það að ábyrgjast eitthvað merkir almennt að skuldari tekur á sig áhættu sem samkvæmt frávíkjanlegum lagareglum hefði annars fallið á kröfuhafa.<sup>50</sup> Hugtakið ábyrgð getur haft margþætta merkingu í lögfræðilegu tilliti. Sem dæmi má nefna að kaupandi getur krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla, ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut.<sup>51</sup> Þessi skylda er lögfest í 3. mgr. 34. gr. lkpl., og er hlutlæg bótaregla, sem segir frá bótarétti kaupanda ef seljandi fullnægir ekki skyldum sínum samkvæmt 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Það kann að gerast að kaupandi láti fara fram viðgerð sem er óþarflega dýr eða óforsvaranleg, í þeim tilvikum ber seljandi ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem af slíku leiðir. Kaupandi á aðeins rétt á skaðabótum sem svara til eðlilegs kostnaðar.

<sup>46</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 248.

<sup>47</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 239.

<sup>48</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 239.

<sup>49</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 286.

<sup>50</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 239.

<sup>51</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 118.

### 6.3 Veittar upplýsingar

Í b-lið 3. mgr. 40. gr. l.kpl. er að finna reglu um hlutlæga ábyrgð skuldara gagnvart kröfuhafa vegna upplýsinga um eiginleika greiðslu, þótt ekki sé um beint loforð eða beina ábyrgðaryfirlýsingu að ræða.<sup>52</sup> Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi ávallt krafist skaðabóta þegar söluhlutur er, við samningsgerð, ekki í samræmi við það sem seljandi lofaði. Ábyrgð seljanda nær til tiltekinna eiginleika söluhlutar. Við matið á því hvort um slíka ábyrgð af hálfu seljanda er að ræða þá skiptir túlkun á samningi aðila miklu máli.<sup>53</sup> Varast ber að líta á allar upplýsingar seljanda sem yfirlýsingu um ábyrgð af hans hálfu. Eitt skilyrði ábyrgðar samkvæmt ákvæðinu er að frávikin frá því sem lofað var hafi verið til staðar við samningsgerð. Af þessu leiðir að seljandinn ábyrgist ekki tilviljunarkennda atburði sem valda tjóni eftir að áhættuskipti hafa farið fram.<sup>54</sup>

Ef um ábyrgðaryfirlýsingu er að ræða og söluhlutur víkur í gæðum frá því sem lofað var við samningsgerð ber seljandi í raun hlutlæga ábyrgð bæði á beinu og óbeinu tjóni kaupanda.<sup>55</sup> Þetta kemur ekki í veg fyrir að túlka megi ábyrgðaryfirlýsinguna svo að í henni felist viss takmörkun á bótaábyrgð seljanda.<sup>56</sup> Í eftirfarandi dómi má sjá beitingu reglunnar um hina hlutlægu ábyrgð seljanda í fasteignakaupum þegar ábyrgðaryfirlýsingar reynast rangar. Sama meginreglan gildir í fasteigna- og lausafjárkaupum:

*Hrd 2005, bls. 1593 (414/2004)* Hér var um að ræða nýlega viðgerð á húsi samkvæmt söluyfirliti fasteignar. Fasteignin var svo seld, en umræddar viðgerðir reyndust ekki fullnægjandi samkvæmt dómskvöddum matsmanni. Hæstiréttur taldi að upplýsingarnar um nýafstaðnar viðgerðir sem komu fram í söluyfirliti væru rangar í skilningi 27. gr. fasteignakaupalaga nr. og íbúðin væri því haldin galla þótt að ósannað væri hvort seljandanum hefði verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að viðgerðir hefðu ekki borið fullnægjandi árangur.

Vekja ber athygli á því að ábyrgðaryfirlýsingum er einnig hægt að beita í gagnstæða átt heldur en hér hefur verið lagt áherslu á í umfjölluninni. Þá er átt við að í ábyrgðaryfirlýsingum kann að vera takmörkun á bótaábyrgð seljanda í formi fyrirvara, þá má leiða af samningnum að ábyrgð seljanda á tilteknum eiginleikum sé ekki algjör. Í þessum tilvikum gengur ákvæði ábyrgðaryfirlýsingar framár ákvæðum laga.<sup>57</sup>

<sup>52</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 240.

<sup>53</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 123.

<sup>54</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 123.

<sup>55</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 218.

<sup>56</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 123.

<sup>57</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 218.

Af ákvæðum 17. og 18. gr. lkpl. leiðir að söluhlutur á að hafa þá eiginleika sem seljandinn hefur lofað og frá er skýrt í upplýsingum sem hann hefur að öðru leyti gefið.<sup>58</sup> Ef þessum tilteknu eiginleikum er ekki til að dreifa og upplýsingar seljanda reynast rangar þá er söluhlutur talinn gallaður. Hér gilda reglur um ábyrgð seljanda og skiptir þá engu hvort seljandi sjálfur hafi persónulega gefið upplýsingarnar.<sup>59</sup> Sama *princip* og að framan greinir gildir í fasteignakaupum. Á þetta reyndi í eftirfarandi dómi:

*H 19. mars 2009 (458/2008)* Hér voru málsatvik þau að stefnendur keyptu fasteign af A sem var ekkja. Ári seinna deyr A og stuttu síðar kemur í ljós að þakið á fasteigninni er ónýtt. Þrátt fyrir að í söluyfirliti hafi fasteigninni verið meðal annars lýst þannig að hún sé í mjög góðu ástandi að utan sem og þakið sem var nýlega standsett. Þetta reyndist ekki rétt og þar sem A var látin var höfðað mál við lögerfingja hennar. Héraðsdómur tók fram að þar sem stefnendur hefðu mátt treysta því að upplýsingar í söluyfirliti væru réttar bæru lögerfingjarnir hlutlæga ábyrgð samkvæmt 27. gr. laga nr. 40/2002 um fasteignakaup á tjóni sem rakið yrði til þess að þær reyndust rangar, óháð því hvort þeir vissu eða máttu vita að þær væru rangar. Var það niðurstaða dómsins að lögerfingjarnir bæru bótaábyrgð á því tjóni sem stefnendur hefðu orðið fyrir vegna galla á umræddri fasteign og var við ákvörðun bóta stuðst við kostnaðarmat í matsgerð dómkvaddis manns með fáeinum frávikum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna.

Það kann að vera að seljandinn sé félag eða fyrirtæki, en það á ekki að breyta því að seljandi beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann sjálfur eða starfsmenn hans eða aðrir sem fram koma fyrir hans hönd hafa gefið.

## 7 Ábyrgð þegar ekki er bætt úr galla

### 7.1 Almenn

Úrræði um úrbætur og nýja afhendingu samkvæmt kaupalögum eru tvíþætt. Annars vegar er hægt að beita 34. gr. lkpl. þar sem kaupandi á rétt á úrbótum og nýrri afhendingu, þá er seljanda skylt að bæta úr galla eða afhenda söluhlut að nýju, þó svo að hann kjósi frekar annars konar uppgjör vegna galla. Hins vegar er meginreglu að finna í 36. gr. lkpl. sem segir að seljandi á rétt á að bæta úr galla og afhenda söluhlut að nýju, hér verður kaupandi að una því, þó svo hann vilji frekar rifta kaupum eða fá afslátt.<sup>60</sup>

### 7.2 Skylda seljanda til að bæta úr galla

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. lkpl. þá getur kaupandi, ef söluhlutur er gallaður, krafist þess að seljandi bæti úr sínum vasa gallann t.d. með viðgerð. Úrbætur verða að svara til

<sup>58</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 217.

<sup>59</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 104.

<sup>60</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 186.

samningsskilmálanna og getur kaupandi því ekki krafist nýrrar vélar frá verksmiðju í gamla bifreið í stað þeirrar sem reyndist ónýtt.<sup>61</sup> Kaupandi á rétt til að krefjast úrbóta án tillits til þess hvers eðlis gallinn er eða hvort hann er verulegur eða ekki. Í þessum tilvikum ber seljandinn kostnað á sjálfum úrbótunum og nauðsynlegum kostnaði við sendingu hlutarins. Um þetta má til athugunar benda á eftirfarandi dóm:

*Hrd. 1989, bls. 329 (39/1988)* Í málinu krafðist stefnandi (kaupandi) að stefndi (seljandi) bæri að bæta sér allt tjón vegna framkominna galla, þ.m.t. flutningskostnað. Málsatvik voru þau að stefnandi hafði fest kaup á dráttarvél hjá stefnda í byrjun árs árið 1984. Hann hafði þá samþykkt ákveðna ábyrgðarskilmála þar sem tekið var fram að stefndi ábyrgist verksmiðju og/eða efnisgalla á tækinu í allt að 12 mánuði frá afhendingardegi. Alvarlegur galli hafði svo komið í ljós í tækinu nokkrum mánuðum eftir afhendingu. Stefndi viðurkenndi strax að hann bæri fulla ábyrgð á gallanum en hins vegar neitaði hann greiðslu flutningskostnaðar vegna flutnings tækisins á viðgerðarstað og tilbaka. Þetta rökstuddi hann með því að bera fyrir sig ákvæði í ábyrgðarskilmálanum. Héraðsdómur var í vafa um skýringu þágildani laga, dómurinn taldi ákvæðið óskýrt og leit til vilja löggjafans. Hæstiréttur snéri þeim dómi með þeim orðum að 29. gr. laga nr. 56/1978 (nú 16. gr. a. samkeppnislaga nr. 57/2005) væri skýrt og því ætti að ógilda ákvæði ábyrgðarskírteinis. En lagagreinin kveður á um að yfirlýsing um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum. En þar sem samningur veitti ekki betri rétt heldur en rétturinn sem veittur er með lögum þá var hann talinn ógildur. Fallist var á kröfu stefnanda.

Til þess að kaupandi geti krafist úrbóta samkvæmt 34. gr. lkpl. þá mega þær ekki valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Þetta skilyrði er matskennt og verður því að gæta sanngirnis- og réttlætissjónarmiða. Í framkvæmd hefur mótast sú túlkun ákvæðisins að taka tillit til ákvæðis 2. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 99/44/EB, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.<sup>62</sup> Sem dæmi má nefna að skylda seljanda til að bæta úr galla er ríkari ef seljandi er í atvinnurekstri sem og sérfræðingur. Seljandi í atvinnurekstri hefur oft yfirráð yfir tækjum og vélum sem notuð eru til viðgerðar, eðli málsins samkvæmt hvílir ríkari ábyrgð til úrbóta á slíkum aðilum. Oft getur verið auðveldara fyrir seljanda að afhenda nýjan hlut en að gera við þann gallaða.

Í lausafjárkaupalögum þurfa sérstök skilyrði að vera uppfyllt til þess að kaupandi geti krafist nýrrar afhendingar. Galli á söluhlut verður að vera verulegur og oftast er þetta vanefndarúrræði þungbærara fyrir seljanda en viðgerð eða aðrar úrbætur. Að þessu virtu eru skilyrðin hert. Í 2. mgr. 34. gr. lkpl. segir frá rétti kaupanda til að krefjast nýrrar afhendingar þegar galli er verulegur.<sup>63</sup> Ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu að bæta úr galla eða afhenda

<sup>61</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 186.

<sup>62</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 187.

<sup>63</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 189.



nýjan hlut, getur kaupandi skv. 3. mgr. 34. gr. lkpl. krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá gallann bættan.<sup>64</sup>

### 7.3 Vanræksla seljanda

Ábyrgð seljanda samkvæmt 3. mgr. 34. gr. lkpl. er hlutlæg og bótaskilyrðin eru eingöngu þau að seljandi hafi ekki fullnægt skyldum sínum til að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut í stað hins gallaða. Umrædd hlutlæg ábyrgð girðir fyrir það að seljandi geti borið fyrir sig þær vítaleysisástæður sem nefndar eru í 27. gr. lkpl.<sup>65</sup> Hér er átt við skaðabætur fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla. Ef kaupandi hefur látið fara fram viðgerð sem sem reynist óþarflega dýr eða óforsvaranleg, þá ber seljandinn ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem af því leiðir. Kaupandinn á aðeins rétt á skaðabótum sem geta svarað til venjulegs kostnaðar. Einnig ber að hafa í huga að kostnaðurinn við viðgerðina má ekki fara fram úr því sem telja má eðlilegt miðað við verðgildi hans.<sup>66</sup>

## 8 Ábyrgð vegna galla í neytendakaupum

Til skýringar á því sem fyrr segir og til samanburðar má nefna hlutlæga ábyrgð í neytendakaupum. Í 1. mgr. 33. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003 er kveðið á um hinn almenna bótagrundvöll seljanda gagnvart neytenda vegna galla á söluhlut. Í neytendakaupum er verndin miklu meiri heldur en í lausafjárkaupum, ákvæðið kveður á um hreina hlutlæga ábyrgð á tjóni vegna galla.<sup>67</sup>

Ákveðin atriði í neytendakaupalögum sem fjalla um umfang skaðabóta eru einfölduð frá ákvæðum lausafjárkaupalaga. Meginmunurinn liggur í því að ekki er greint á milli beins og óbeins tjóns í neytendakaupalögum líkt og gert er í lausafjárkaupalögum. Ástæðan fyrir þessu er að tjón í neytendakaupum eru yfirleitt annars eðlis en tjón sem verður á milli tveggja aðila sem báðir hafa atvinnu sína af sölustarfsemi.<sup>68</sup>

Neytandi á því rétt á skaðabótum fyrir hvert fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir vegna galla, engu máli skiptir hverjar ástæður gallans eru.<sup>69</sup> Þessi regla takmarkast þó af 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. nkpl. um umfang skaðabóta. Bótaskyldan takmarkast við það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem sennilega afleiðingu vanefndar.<sup>70</sup>

<sup>64</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 243.

<sup>65</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, bls 868.

<sup>66</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 191.

<sup>67</sup> Ása Ólafsdóttir og Eirtíkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 101.

<sup>68</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 377.

<sup>69</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 490.

<sup>70</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 241.

Líkt og að framan er rakið þá stendur því ekkert í vegi að neytandi geti krafist skaðabóta samtímis því að hafa uppi aðra kröfu vegna gallans. Neytandi getur þannig krafist skaðabóta samhliða því að rifta samningi vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna brots á samningi aðila. Sem dæmi má nefna útgjöld við að kaupa sambærilegan hlut á hærra verði. En ákvæðið á aðeins við um skaðabætur fjárhagslegs tjóns.<sup>71</sup>

## 9 Ábyrgð vegna vanheimildar

Með hugtakinu vanheimild er átt við réttarágalla sem lýsir sér í því að kröfuhafi öðlast ekki umsamda réttarstöðu vegna þess að þriðji maður á réttindi ósamrýmanleg þeim rétti sem skuldari hefur með samningi skuldbundið sig til að láta kröfuhafa í té.<sup>72</sup> Hér getur verið um að ræða, svo dæmi sé tekið, að þriðji maður eigi eignarrétt, veðrétt, afnotarétt, haldsrétt eða ítak yfir þeirri greiðslu sem skuldari lætur af hendi.

Hugtakið vanheimild er meðal annars notað í 1. mgr. 41. gr. lkpl. þar sem þriðji maður á eignarrétt, veðrétt eða annan rétt yfir söluhlut, nema leiða megi af samningi að kaupandi hafi átt að taka við hlutnum með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns.<sup>73</sup> Hvergi í lögnum er að finna skilgreiningu á hugtakinu vanheimild, en af ákvæðum 1. mgr. 41. gr. lkpl. má leiða hvenær vanheimild telst vera til staðar.

Í 2. mgr. 41. gr. lkpl. er regla sem segir að seljandi í lausafjárkaupum beri almennt skaðabótaábyrgð á upprunalegri vanheimild, án tillits til sakar.<sup>74</sup> Enda hafi kaupandinn hvorki vitað eða mátt vita um vanheimildina. Við slíkar aðstæður kann að vera mjög erfitt að reyna sanna hvað kaupandinn vissi eða mátti vita við samningsgerðina. Einnig mætti velja því fyrir sér hvort það hvíli engar jákvæðar skyldur á kaupandanum að athuga hvort vanheimild sé til staðar. Hér má skoða dóm *Hrd. 14. mars 2011 (24/2011)* þar sem kaupandi vinnuvélar sagðist ekki hafa vitað um vanheimildina sem á henni hvíldi í skilningi 2. mgr. 41. gr. lkpl. En í þeim dómi segir:

Síðastgreint ákvæði mælir fyrir um hlutlæga ábyrgð á upprunalegri vanheimild, hvort sem hún er alger eða að hluta, svo sem var í þeim tilvikum, sem hér um ræðir. Hin hlutlæga ábyrgð tekur bæði til beins og óbeins tjóns. Ákvæðið kveður einnig á um að kaupandi glati skaðabótarétti sínum ef hann vissi eða mátti vita um vanheimildina.

Hvað varðar grandsemi kaupanda og kröfur sem gera mátti til hans við kaupin segir í dómnum:

<sup>71</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 491.

<sup>72</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 368.

<sup>73</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 245.

<sup>74</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 125-126.

Fallist verður á með sóknaraðila að varnaraðili hafi sýnt af sér gáleysi með því að ganga ekki úr skugga um hvort veðbönd hvíldu á þeim tækjum, sem að framan greinir. Verður að meta þær kröfur, sem gera má til aðgæslu varnaraðila í því ljósi að félagið er fjármálafyrirtæki, sem almennt má gera ríkari kröfur til í þessum efnum en annarra. Þegar metið er hvort þetta gáleysi eigi að leiða til brottfalls skaðabótaréttar varnaraðila ber að líta til þess að seljandi sýndi af sér framferði við kaupin, sem var andstætt heiðarleika og góðri trú, með því að greina ekki frá veðböndum á tækjunum, sem stofnað hafði verið til í október 2007. Leiðir því gáleysi varnaraðila ekki til þess að hann glati skaðabótarétti sínum, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000.

Af þessu sést að hlutlæg ábyrgð seljanda á aðeins við um upprunalega vanheimild, þ.e. vanheimild sem var til staðar við samningsgerð. Ábyrgðin nær á hinn bóginn ekki til ábyrgðar vegna vanheimildar, sem er síðar tilkomin, þ.e. eftirfarandi vanheimildar.<sup>75</sup> Forsenda bótaábyrgðar í vanheimildartilvikum er sú að kaupandi verður að sýna fram á að hann hafi beðið tjón vegna vanheimildarinnar.<sup>76</sup>

## 10 Lán til afnota

Við lán til afnota ber lántaki mjög víðtæka bótaábyrgð á lánshlut.<sup>77</sup> Þessi regla er forn og er m.a. að finna í 16. kap. þjófabálks Jónsbókar. Þar er kveðið að láni (hlut sem maður fær lánaðan til afnota) skuli maður heilu heim koma eða gjalda verð eiganda, sem sá týnist er léð var með láninu. Eigi á erfingi fyrir það lán að gjalda. Í þessu felst að lántaki verður alltaf að greiða skaðabætur ef lánshlutur skemmist eða fer forgörðum hverjar svo sem orsakir tjónsins voru, nema í því eina tilviki að lántaki hafi sjálfur farist með lánshlutnum. Erfingjar hans þurfa ekki að borga bæturnar.

Þessi regla er hlutlæg og styðst við þau rök að lán til afnota er endurgjaldslaust og því eðlilegt að leggja áhættuna af tilviljunarkenndum atburðum á lántaka. Reglan fellur þó niður ef um er að ræða endurgjald í einhverju formi fyrir afnotin.<sup>78</sup> Það er áhugavert að sjá hvernig reglunni hefur verið beitt í framkvæmd dómstóla. Í eftirfarandi dómi var héraðsdómur og Hæstiréttur ekki sammála um hvernig beita ætti reglunni:

*Hrd. 1991, bls. 2087.* Hér gerðu tveir menn milli sín samkomulag um að einn þeirra S myndi keyra hinn R frá Dalvík til Skagafjarðar í réttir. Skilyrðið fyrir því að S myndi fallast á aksturinn var að hann myndi fá bílinn til afnota eftir skutlið og geta komið sér heim til Akureyrar. S átti svo seinna að sækja R á fyrirfram umsömdum stað. Á leiðinni til Akureyrar velti S bifreiðinni. Í málinu var deilt um hver hafi borið ábyrgð á skemmdunum á bifreiðinni. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að S væri ábyrgur á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu Jónsbókar um lán til afnota. Hæstiréttur var ekki sammála þessu og taldi reglu Jónsbókar ekki eiga við í þessu tilviki. Rétturinn taldi lánið á bifreiðinni endurgjald fyrir að keyra R í Skagafjörð. Hins vegar var S talinn bera sakarábyrgð á því að hafa velt bílnum, vegna ógætilegs aksturs.

<sup>75</sup> Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“, bls 126.

<sup>76</sup> Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur*, bls. 225.

<sup>77</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 250.

<sup>78</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 250.

## 11 Lokaorð

Í þessari ritgerð var fjallað um hlutlægar skaðabótareglur aðallega í lausafjárkaupalögum, eða þau tilvik þegar réttarreglur um grundvöll efndabóta eru strangari í garð skuldara heldur en sakarreglan. Þegar sammingsaðili í lausafjárkaupum (skuldari) vanefnir skyldur sínar samkvæmt kaupsamingi eða lausafjárkaupalögum, öðlast kröfuhafi rétt til að beita vanefndaúrræðum af því tilefni, og eru skaðabætur eitt þeirra úrræða. Við þessar aðstæður er ljóst að kröfuhafinn stendur frammi fyrir því álitaefni á hvaða grundvelli þ.e. samkvæmt hvaða bótareglu það þjóni hagsmunum hans best að krefja skuldara um skaðabætur vegna vanefndarinnar. Meginreglan í lausafjárkaupalögum er stjórnunarábyrgð, þ.e. sammingsaðila beri að greiða skaðabætur þegar ástæður vanefndar er að rekja til atvika sem hann fékk ráðið við.

Í þessari ritgerð var almennt farið yfir þær hlutlægu reglur sem eiga við í lausafjárkaupum. En þær eru í meginráttum að skuldari getur hvorki borið fyrir fjárskort sem ómöguleika til þess að losna undan efndum sammings aðila *in natura* né vanþekkingu á skyldu sinni til að efna samning. Ef ábyrgðaryfirlýsing er í samningi aðila getur kaupandi skv. b-lið 3. mgr. 40. gr. l.kpl. ávallt krafist skaðabóta þegar söluhlutur er, við sammingsgerð, ekki í samræmi við það sem seljandi lofaði. Þó ábyrgist seljandinn ekki tilviljunarkennda atburði sem valda tjóni eftir að áhættuskipti fara fram. Þegar söluhlutur er gallaður er seljanda skylt skv. 34. gr. l.kpl. að bæta úr galla eða afhenda söluhlut að nýju. Meginreglan við þessar aðstæður er að finna í 36. gr. l.kpl. sem segir að seljandi á rétt á að bæta úr galla og afhenda söluhlut að nýju, hér verður kaupandi að una því þó svo hann vilji frekar rifta kaupum eða fá afslátt. Einnig er farið yfir ábyrgð seljanda vegna vanheimildar, þegar þriðji maður á réttindi ósamrýmanleg þeim rétti sem skuldari hefur sem samningi skuldbundið sig til að láta kröfuhafa í té. Að lokum er fjallað stuttlega um lán til afnota, við slíkar aðstæður ber lántaki mjög víðtæka bótaábyrgð á lánshlut.

Í einum kafla var, hinum reglunum til skýringar og samanburðar, fjallað um hlutlæga ábyrgð í neytendakaupum. Á sviði neytendaréttar er veitt meiri vernd heldur en í lausafjárkaupalögum, meginmunur laganna hvað skaðabætur varða liggur í því að ekki er greint á milli beins og óbeins tjóns í lögum um neytendakaup líkt og gert er í lögum um lausafjárkaup.

Að framangreindu virtu má telja að hinar hlutlægu skaðabótareglur lausafjárkaupalaga eru í mörgum tilvikum lykillinn að því að kröfuhafi fái kröfu sinna efnda þrátt fyrir afsakanir skuldara. Af þessu er ljóst að án þessara ströngu bótareglna þá væri verulega hallað á rétti kaupanda við tilteknar aðstæður.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*. Reykjavík 2009.

Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: *Kauparéttur. Skýringar á lögum um lausafjárkaup og lögum um neytendavernd*. Reykjavík 2006.

Benedikt Bogason, Dósent í Lögfræði, (2013). *Vanefndaúrræði*. Lögberg, 17. janúar.

Jan Hellner og Jan Ramberg: *Speciell avtalsrätt I, Köprätt*. Andar upplagan. Stockholm 1991.

*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*. 2. útgáfa. Reykjavík 1965.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*. Reykjavík 2004.

Þorgeir Örlygsson: „Skaðabætur laga um lausafjárkaup“. *Tímarit Lögréttu*, 2 tbl. 2005, bls. 103-153.

Þorgeir Örglygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*. Reykjavík 2009.

Þorgeir Örglygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Efndabætur*. Reykjavík 2012.

## **DÓMASKRÁ**

Hrd. 1989, bls. 329 (39/1988)  
Hrd. 1991, bls. 2087  
Hrd. 2005, bls. 1593 (414/2004)  
Hrd. 19. mars 2009 (458/2008)  
Hrd. 14. mars 2011 (24/2011)

Rt. 1962, bls. 175.